

Bæjarstjórn - 38

FUNDARBOÐ

38. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 26. júní 2025 og hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

1. 2506001F - Skipulagsnefnd - 30

Lögð fram fundargerð 30. fundar skipulagsnefndar.

2. 2506003F - Bæjarráð - 34

Lögð fram fundargerð 34. fundar bæjarráðs.

Erindi til kynningar

3. 2112008 - Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lög fram fundargerð 981. fundar stjórnar Sambandsins frá 13. júní 2025 og fundargerð 982. fundar stjórnar Sambandsins frá 16. júní 2025.

4. 2005070 - Fundargerðir Breiðafjarðarnefndar

Lagðar fram fundargerðir síðustu funda Breiðafjarðarnefndar.

5. 2506022 - Erindi Félags atvinnurekenda til sveitarstjórna

Lagt fram erindi Félags atvinnurekenda til sveitarstjórna.

6. 2505036 - Ársskýrsla Rarik 2024

Lögð fram til kynningar ársskýrsla Rarik fyrir árið 2024 ásamt bréfi til bæjarstjórnar.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

7. 2505056 - Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning og fjárhagsaðstoð

Lagðar fram endurskoðaðar reglur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga um sérstakan húsnæðistuðning og drög að reglum um fjárhagsaðstoð.

Bæjarráð samþykkti reglurnar á 34. fundi sínum, og vísaði þeim til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

8. 2506027 - Reglur Sveitarfélagsins Stykkishólms um tónlistarnám utan lögheimilissveitarfélags

Á 24. fundi bæjarráðs var samþykkt að útbúnar verði reglur um kostnaðarþátttöku sveitarfélagsins vegna tónlistarnáms utan lögheimilissveitarfélags áður en umsóknir verði teknar til afgreiðslu. Með vísan til afgreiðslu bæjarráðs er lögð fram tillaga að reglum Sveitarfélagsins Stykkishólms um tónlistarnám utan lögheimilissveitarfélags.

Bæjarráð samþykkti, á 34. fundi sínum, uppfærðar reglur Sveitarfélagsins Stykkishólms um tónlistarnám utan lögheimilissveitarfélags og vísaði þeim til staðfestingar í bæjarstjórn.

Bæjarráð lagði jafnframt til við bæjarstjórn að heildarupphæð niðurgreiðslna verði kr.750.000 fyrir haustönn 2025.

9. 2506026 - Skógarplöntur í Stykkishólmi

Lagt fram minnisblað skipulags- og umhverfisfulltrúa um útplöntun á birki, elri og furu í sveitarfélaginu.

Bæjarráð samþykkti, á 34. fundi sínum, fyrirbyggjandi áform um gróðursetningu og lagði áherslu á að hafa samráð við íbúa þar sem við á.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

10. 2506028 - Lóð R1 í Víkurhverfi

Lagt var til á 34. fundi bæjarráðs, að lóðin R1 í Víkurhverfi verði auglýst laus til umsóknar með það að markmiði að umsækjandi sækir um til sveitarfélagsins um heimild til uppbyggingar á lóðinni á grunni gr. 4.2. í lóðarreglum sveitarfélagsins með þeirri forsendu að miðað verði við 600 fm² byggingarmagn (sem gatnagerðargjald tekur mið af), bílastæði snúi að Borgarbraut og íbúðir verði allt að fjórar með bílskúrsheimild. Forgangsroðun úthlutunnar til áhugasamra aðila skuli byggja á gr. 4.2.2. í lóðarreglum sveitarfélagsins.

Bæjarráð samþykkti, á 34. fundi sínum, að auglýst verði eftir áhugasömum aðilum til samtals um uppbyggingu á lóð R1 í Víkurhverfi og í kringum Móvík (aftan R1) sem getur orðið grundvöllur að lóðarúthlutun á grunni tillögunnar í framhaldinu.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

11. 2504006 - Austurgata 4

RARIK óskar eftir að fá að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi miðbæjar austan Aðalgötu, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Um er að ræða lóðina 4b við Austurgötu sem er skipt upp í tvær lóðir og til verður Austurgata 4c, lóð undir spennistöð.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 30. fundi sínum, að grenndarkynna óverulega breytingu á deiliskipulagi miðbæjar austan Aðalgötu vegna Austurgötu 4b, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2012. Tillagan skal grenndarkynnt fyrir Austurgötu 1, 2, 3, 4a og 6 og Smiðustíg 2 og 2a. Skipulagsnefnd lagði til að bætt verði í skilmála deiliskipulagsbreytingarinnar að húsið skuli falla vel að umhverfinu, sbr. lita- og efnisval.

Bæjarráð samþykkti, á 34. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og vísaði henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

12. 2506012 - Arnarborg - vegvísir

Félag lóðarhafa í Arnarborg óskar eftir leyfir bæjaryfirvalda til að setja upp vegvísi/upplýsingaskilti við veginn sem liggur að Arnarborgarhverfinu.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 30. fundi sínum, fyrir sitt leyti að setja upp vegvísi/upplýsingaskilti við aðkomuna að frístundasvæðinu Arnarborg. Mikilvægt er að staðsetning og útlit skiltis sé í samráði við skipulagsfulltrúa.

Bæjarráð samþykkti, á 34. fundi sínum, erindið með vísan til afgreiðslu skipulagsnefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

13. 2209013 - Ungmennaráð

Ráðið er skipað sjö fulltrúum á aldrinum 14-24 ára og þremur til vara að fengnum tillögum frá nemendafélagi grunnskólans í Stykkishólmi, nemendafélagi Fjölbrautaskóla Snæfellinga, ungmennafélaginu Snæfelli og æskulýðs- og íþróttanefnd, sbr. erindisbréf ungmennaráðs.

Lagt er til að bæjarstjórn óski eftir tilnefningum í ungmennaráð þegar skólastarfsemi hefst í haust.

14. 2506023 - Beiðni um tilnefningar í Breiðafjarðarnefnd 2025-2029

Lagt fram erindi frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu þar sem óskað er eftir tilnefningum í Breiðafjarðarnefnd 2025-2029.

Bæjarráð fól, á 34. fundi sínum, bæjarstjóra umboð til að umræðu og ákvörðunartöku með þeim sveitarfélögum sem liggja að Breiðafirði.

Afgreiðsla bæjarráðs er lögð fram til staðfestingar í bæjarstjórn.

15. 2006056 - Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar 2020

Kosning forseta bæjarstjórnar og fyrsta og annan varaforseta bæjarstjórnar skv. 7. gr. samþykktar um stjórn Stykkishólms.

16. 2006055 - Kosningar í bæjarráð

Bæjarstjórn kýs þrjá bæjarfulltrúa og þrjá til vara í bæjarráð skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 26. gr. samþykktar þessarar. Eingöngu bæjarfulltrúar eru kjörgengir í bæjarráð sem aðalmenn og varamenn sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga.

17. 2006059 - Umboð til bæjarráðs í sumarleyfi bæjarstjórnar 2025

Forseti bæjarstjórnar gerir það að tillögu sinni að næsti reglulegi fundur bæjarstjórnar verði haldinn 28. ágúst nk. og að bæjarráði verði veitt fullt umboð til fullnaðarafgreiðslu mála fram til bæjarstjórnarfundar í samræmi við 5. mgr. 8 gr. og 1. og 8. mgr. 33 gr. samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms, sbr. og 5. mgr. 35. gr.

sveitarstjórnarlaga.

18. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

24.06.2025

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri.